

54. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 8. nóv. 2007 kl.12 -13 hjá ISOR.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Helga Tulínus, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Bjarni Reykr Kristjánsson, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fundargerð síðasta fundar 24. okt 2007

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Söfnun fyrir dagheimilið í Rackoko – næstu skref

María er búin að senda fréttatilkynninguna um söfnunina í blöðin og til félagsmanna. Morgunblaðið er þegar búin að birta hana. Jólakveðjuna á ekki að senda sem viðhengi til fyrirtækja heldur koma beint á blað móttakandans. Þau fyrirtæki sem óska eftir að styðja okkur með því að senda rafrænar kveðjur í staða jólakorta hafa samband við Maríu og hún skráir inn nafn fyrirtækisins á rafrænu kveðjuna og sendir tilbaka með upplýsingum um bankanr. o.þ.h.. Texti jólakveðjunnar og markmið söfnunarinnar var lagfært aðeins og ákveðið að setja einnig lókó Alnæmisbarna. María er búin að senda kveðju til Utanríkis- og Umhverfissráðuneytisins og Samorku. Bjarni ætlar að hafa samband við Ferðaskrifstofu Íslands og Úrval Útsýn, Silla við EJS og Ragna við ISOR.

Ekki gekk upp að finna stærra eldhús til að taka á móti fullt af fólki til kertagerðar fyrir stjórnarfundinn. Um 4-5 manns hittast reglulega við kertagerðina en alls eru 10 manns í kertahópnum. Má gera ráð fyrir að þeir mæti allir. Á fundinum komu tveir nýjir staðir til kertagerðar til greina, á nú að kanna hvor þeirra verður ofan á. Ákveðið að hittast til kertagerðar laugardaginn 17. nóv. kl. 10 – 16. Hildur ætlar að senda bréf til allra félagsmanna og bjóða þeim þátttöku. Því fleiri sem mæta, því fyrr náum við að klára. Setja verður kertin í poka og loka með bandi. Fjölrita á lítinn texta til þess að setja inn í pokann með nafni og lókó Alnæmisbarna. Selja á kertin á kr. 500,- stykkið. María ætlar að athuga hvort Kringlan sé á lausu til sölu kertanna laugardaginn 1. des.. Það myndi henta vel þar sem það er á alþjóðlegum baráttudegi gegn alnæmi. Útbúa þarf plakati sem á að standa við hlið kertaborðsins. Við viljum hafa lítinn texta á plakatinu en þeim mun meir af myndum frá Úganda.

16 daga átakið – framlag Alnæmisbarna

Ákveðið að María og Ingibjörg skrifi grein í Morgunblaðið sem birtist á baráttudeginum gegn alnæmi 1. des.. Á hann að fjalla um aðstoð við barnungar mæður í Norður-Úganda. Fresturinn til þess að senda inn greinina er 16. nóv.. Einnig verður framlag okkar í átakanu að selja kerti í Kringlunni til stuðnings byggingu dagheimilisins í Norður-Úganda.

Önnur mál – vefsíða ofl.

Bjarni ætlar einhverja næstu daga að senda Rosette styrkinn fyrir nýju byggingunni upp á kr. 500.000,-. Ákveðið að hann prófi að senda peningana í fyrsta sinn beint inn á bók til þeirra án milligöngu banka. Hann vinnur í því núna að setja líka fundargerðir, skrif Sigríðar Baldursdóttur o.fl. inn á heimasíðuna okkar.

Silla er búin að senda bréf til Rosette og spyrja hana að því hvernig henni lítist á það að fá hana í heimsókn og gera á sama tíma smá úttekt á stöðu mála í alnæmismálum stúlkanna. Hún myndi þá verða samferða Maríu og Gestu og e.t.v. fleirum einhvern tíma í byrjum næsta árs.

Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn ? nív. kl.11:45 á ISOR.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar